



## Fundargerð hverfisráðs Reykjahverfis 02.09.2019

Formaður setti fund kl 20.00 í Hrístateigi 4 og bauð velkomin þau Hilmar Kára, Aðalheiði, Rúnar og Guðrúnu Sædísí til fundar.

### 1. Tilvist hverfisráðs og framhald þess.

Vangaveltur um starfsemi hverfisráðs, tilgang þess og samskipti við stjórnsýslu Norðurþings. Sitt sýnist hverjum en í heildina er niðurstaðan sú að við í hverfisráði Reykjahverfis viljum gefa þessari tengingu við stjórnsýslu Norðurþings tækifæri til að þróast.

### 2. Tilnefningar í hverfisráð Reykjahverfis.

Þrátt fyrir ítrekaða hvatningu til íbúa Reykjahverfis hafa engar nýjar tilnefningar borist til ráðsins. Ef eftir því verður leitað þá má semja við núverandi hverfisráð um áframhaldandi setu, en með ákveðnum breytingum milli vara- og aðalmanna.

### 3. Launagreiðslur fyrir fundarsetu.

Hverfisráð ítrekar vilja sinn til þess að allir meðlimir sem mæta á fund hverju sinni fái greitt fyrir fundarsetu enda er „fundakvóti“ samkv. samþykktum um hverfisráð í Norðurþingi ekki uppfylltur. Teljum við mikilvægt að styrkja umræðugrundvöll og upplýsingaflæði innan ráðsins með þessu móti.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 21.00.

Hannín Sædís Hardardóttir  
Aðalheiður Þorgrímsdóttir  
Ríëna Ólafsson  
Hilmar Kolth Þorláksson  
María Svartmundur Jónsdóttir